

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um lyfjanotkun á hjúkrunarheimilum.

Frá Evu Sjöfn Helgadóttur.

1. Hversu hátt hlutfall þeirra sem dvelja á hjúkrunarheimilum tekur eitt eða fleiri geðlyf? Óskað er eftir upplýsingum fimm ár aftur í tímann, sundurliðað eftir árum og eftir því hvort um er að ræða eitt, tvö eða fleiri geðlyf.
2. Hversu hátt hlutfall þeirra sem dvelja á hjúkrunarheimilum og hafa fengið geðlyf að staðaldri síðastliðin fimm ár er ekki með greiningu um geðsjúkdóm? Svar óskast sundurliðað eftir árum.
3. Hversu hátt hlutfall þeirra sem dvelja á hjúkrunarheimilum tekur eitthvert af eftirfarandi geðlyfjum að staðaldri:
  - a. geðrofslyf,
  - b. róandi eða kvíðastillandi lyf,
  - c. sterk verkjalyf, þ.m.t. ópíóíða?
4. Telur ráðherra að lyfjanotkun á hjúkrunarheimilum sé meiri en nauðsyn krefur og ef svo er, áformar ráðherra að stuðla að endurskoðun í ávísun lyfja fyrir aldraða á hjúkrunarheimilum?

Skriflegt svar óskast.